



## **Erindisbréf**

### **fyrir atvinnu-, jafnréttis- og ferðamálanefnd Ásahrepps.**

#### 1. gr.

Atvinnu-, jafnréttis- og ferðamálanefnd skal starfa skv. erindisbréfi þessu sem hreppsnefnd hefur staðfest. Einnig gilda um störf nefndarinnar sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, stjórnarsýslulög nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn og fundarsköp Ásahrepps nr. 72/2016.

#### 2. gr.

Hreppsnefnd kýs þrjá aðalmenn og þrjá varamenn í atvinnu-, jafnréttis- og ferðamálanefnd í upphafi hvers kjörtímabils. Hreppsnefnd er heimilt að endurkjósa fulltrúa í nefndina ef þurfa þykir. Hreppsnefnd kýs formann nefndarinnar en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

Auk kjörinna nefndarmanna á sveitarstjóri rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Þá er nefndinni heimilt að kalla til sín sérhvern þann er tengist þeim málefnum sem nefndin fjallar um hverju sinni.

#### 3. gr.

Nefndin er hreppsnefnd til ráðgjafar í atvinnu-, jafnréttis- og ferðámálum. Nefndin gerir tillögur til hreppsnefndar um stefnu og markmið í ofangreindum málaflokkum og hefur eftirlit með því að samþykkt markmið hreppsnefndar í þessum málaflokkum nái fram að ganga. Nefndin getur enga bindandi ákvörðun tekið nema með samþykki hreppsnefndar, nema að nefndinni hafi áður verið falin fullnaðarafgreiðsla einstakra mála í samþykkt um stjórn og fundarsköp Ásahrepps.

#### 4. gr.

Meðal verkefna nefndarinnar er:

- Að fjalla um atvinnumál í sveitarfélaginu.
- Að gera tillögur til hreppsnefndar um efni sem tengjast atvinnumálum og mótar framtíðarsýn í atvinnumálum á svæðinu.
- Að fylgja eftir stefnu hreppsnefndar fyrir hennar hönd og vera tengiliður hreppsnefndar við atvinnu- og ferðamál á svæðinu.
- Að vera ráðgefandi fyrir hreppsnefnd í málefnum er varða jafnrétti kynjanna og fylgjast með og hafa frumkvæði að aðgerðum, þar með talið sértækum aðgerðum, til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla innan Ásahrepps skv. 12. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

#### 5. gr.

Nefndin heldur fundi eftir því sem þörf þykir og málefni eru fyrirbyggjandi til úrvinnslu. Fundi skal halda eftir þörfum og ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir fulltrúar í nefndinni óska þess. Fundir nefndarinnar skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Nefndinni er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um það, svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki.

6. gr.

Formaður boðar til fundar og undirbýr fundi nefndarinnar. Nefndin skal halda gerðabók. Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn og fundarsköp Ásahrepps.

7. gr.

Um hæfi kjörinna fulltrúa í nefndinni gilda ákvæði 43. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 17. gr. samþykktar um stjórn og fundarköp Ásahrepps.

8. gr.

Um þagnarskyldu fulltrúa í nefndinni vísast til 19. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Ásahrepps.

9. gr.

Þóknun fyrir setu í nefndinni greiðist samkvæmt samþykkt Ásahrepps um kjör fulltrúa í Ásahreppi og greiðslur fyrir nefndarstörf.

Samþykkt í hreppsnefnd Ásahrepps þann 20. mars 2019